

Ed.

3. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Utan Reykjavíkur er formaður skattanefndar einnig formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kys bæjarstjórn á sama hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd, og einn þeirra formann nefndarinnar. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til vara, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skylt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og braustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskytt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal skrifstofustjóri skattstjóra aðstoða við starf niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar upplýsingar sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvizku-semi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ráðherra sá, sem fer með sveitarstjórnarmál, hefur tjáð mér það, sem hér fer á eftir:

Í 17. gr. laga nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, er svo ákveðið, að í kaupstöðum utan Reykjavíkur sé formaður skattanefndar jafnframt formaður niðurjöfnunarnefndar, en í Reykjavík sé skattstjóri formaður niðurjöfnunarnefndar. Hér kemur fram algert ósamræmi, þar sem lög nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt mæla svo fyrir, að bæjarstjóri, sem kosinn er af bæjarstjórn, skuli vera formaður skattanefndar. Virðist það því sanngjarnt og sjálfsagt, að í Reykjavík kjósi bæjarstjórn alla niðurjöfnunarnefndina, og einn nefndarmanna sem formann. Hér við hætist að skattstjóraembættið og formannsstarfið í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur eru hvort um sig orðin svo umfangsmikil, að eigi getur lengur samrýmt, að sami maður gegni þeim báðum, enda fer niðurjöfnun útsvara fram á sama tíma og ákvörðun tekju- og eignaskatts.

Þar sem niðurjöfnun útsvara hefst næstu daga í Reykjavík, telur ríkisstjórnin það mjög aðkallandi, að framangreindri skipan verði komið á tafarlaust og að ekki verði hjá því komizt að setja bráðabirgðalög í því skyni.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til þess að skipa framangreindu máli nú þegar í samræmi við það, sem að ofan segir, tel ég rétt að setja, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Utan Reykjavíkur er formaður skattanefndar einnig formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kys bæjarstjórn á sama hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd, og einn þeirra formann nefndarinnar. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til vara, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skyllt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskyllt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal

skrifstofustjóri skattstjóra aðstoð við starf niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar upplýsingar sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvizkusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört á Bessastöðum, 4. febrúar 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.